



# Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Alþingi, nefndavið  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
Reykjavík

## Umsögn vegna máls 615, frumvarp til laga um dómstóla (heildarlög)

Sýslumaðurinn á Suðurlandi gerir athugasemd við það skipulag dómþingháa að Sveitarfélagið Hornafjörður skuli vera í þinghá Héraðsdóms Austurlands. Leggur embættið til að frumvarpinu verður breytt með þeim hætti að þinghá Sveitarfélagsins Hornafjörður verði færð undir Héraðsdóm Suðurlands. Ástæður þess eru:

- 1. janúar 2015 varð breyting á embættaskipan sýslumanns og lögreglustjóraembætta. Við það tilefni voru landfræðileg mörk embætta Lögreglustjórans á Suðurlandi og Sýslumannsins á Suðurlandi ákveðin með þeim hætti að þau næðu yfir Sveitarfélagið Hornafjörður auk annarra sveitarfélaga á Suðurlandi. Eðlilegt er því að dómþinghá Héraðsdóms Suðurlands sé sú sama.
- Önnur stjórnsýslumörk miða við að Sveitarfélagið Hornafjörður fylgi Suðurlandi s.s. kjördæmaskipan og landshlutasamtök sveitarfélaga
- Hagræði væri að því fyrir sýslumannsembætti að að sækja þinghöld í húsnæði Héraðsdóms Suðurlands á Selfossi, hvar aðalskrifstofa sýslumannsembættisins er einnig staðsett. Þannig þarf ekki að kosta til fé og tíma til að senda fulltrúa embættisins til að vera viðstaddan þinghöld á Egilsstöðum.

Selfossi 12. apríl 2016



Anna Birna Þráinsdóttir  
Sýslumaður á Suðurlandi